



Frumvarp til laga um lagareldi

Kynning haldin fyrir atvinnuveganefnd Alþingis 26. apríl 2024.



Fyrirvari

Vert er að áréttta að meðfylgjandi gögn eru yfirlit yfir frumvarpið en ekki tæmandi listi. Kynningunni er ætlað að veita yfirlit yfir helstu efnisatriði frumvarpsins en er ekki ætlað að standa sjálfstæðri. Um einstök efnisatriði vísast til frumvarpsins og greinargerðar með því en þar er að finna nákvæmar skilgreiningar og ítarlegri lýsingar á efnisatriðum sem ætlað er að mynda grunn frumvarpsins.

Kynningin var sett upp til hægðarauka til að hægt væri að fara skipulega yfir heildarumgjörð frumvarpsins. Einstaka atriði kynningarinnar voru sett fram til að vekja athygli og gætu því þarfnast samhengis sem kom fram þegar kynning var flutt.



Ríkisstjórnarsáttmáli
(2021)



Matvælastefna
(2022)



Ríkisendurskoðun
(jan. 2023)




Starfshópur
smitv.
(jan. 2023)



Fjármálaáætlun
2024-2028



BCG
(feb. 2023)



Starfshópur um strok
(maí 2023)



Stefna til 2040
(okt. 2023)



Drög að
frumvarpi
(des. 2023)



6

Aukið samstarf stofnana í aðdraganda leyfisveitingar

Ríkisendurskoðun telur að hvorutveggja, forsamráð og samþætting málsmeðferðar, sbr. ákvæði laga nr. 111/2021 um umhverfismat áætjana og framkvæmda, sé til þess fallið að bæta stjórnsýslu sjókvæðis frá því sem verið hefur. Ríkisendurskoðun hvetur Skipulagsstofnun til að setja fram leiðbeiningar um hvorutveggja í samræmi við ákvæði laganna og reglugerðar 1381/2021. Þegar til kastanna kemur er mikilvægt að viðkomandi stjórnvöld, þ.e. Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun sýni frumkvæði í þessu tilliti og nýti sér þær heimildir sem eru fyrir hendi í 8. og 11. gr. laga nr. 111/2021 um forsamráð og samþættingu umhverfismats og umsókna um starfs- og rekstrarleyfi. Þá er þrýnt að þessir aðilar, í samvinnu við matvælaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti vinni markvisst að því að styrkja samráð og samvinnu í ferlinu og að verkfæri eins og landfræðileg gagna- og samráðsgátt nýtist í samræmi við ákvæði og markmið laganna allt frá mati á umhverfisáhrifum til útgáfu rekstrar- og starfsleyfa.

8

Efla þarf eftirlit Matvælastofnunar

Matvælastofnun og matvælaráðuneyti þurfa að vinna markvisst að því að efla enn frekar eftirlit stofnunarinnar gagnvart sjókvæðis. Tryggja verður að skipulag eftirlitsins og geta stofnunarinnar haldi í við vöxt og þróun greinarinnar. Takmarkað svignúm sérgreina-dýralæknis fisksjúkdóma til að sinna eftirlitsskyldum er sérstakt áhyggjuefni í því sambandi. Auk þess þarf að gera stofnuninni kleift að sinna óundirbúnu eftirliti og leggja áherslu á eftirlit með skráningum, upplýsingagjöf og innra eftirliti fyrirtækjanna. Ríkisendurskoðun hvetur jafnframt matvælaráðuneyti til að skoða fýsileika þess að auka eftirlitsheimildir Matvælastofnunar hvað snýr að eftirliti með þjónustuaðilum sjókvæðis.

9

Samhæfing eftirlits Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar

Tryggja þarf samhæfingu og samstarf milli Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar við eftirlit þeirra með sjókvæðis. Atbeini matvælaráðuneytis og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis er nauðsynlegur í því sambandi. Skörun milli þeirra þátta sem eftirlit stofnana beinist að hvað snýr að skilyrðum starfs- og rekstrarleyfa knýr á um náði samstarf. Tryggja verður samræmi m.a. hvað varðar beitingu þvingunarúrræða vegna þessara þátta og þá sérstaklega í mögulegri álagningu stjórnvaldssekta vegna brota á skilyrðum um lífmassa.

21

Tryggja verður markvissa beitingu þvingunarúrræða, sekta og niðurfellingu rekstrarleyfa

Þrátt fyrir ríkuleg þvingunarúrræði hefur Matvælastofnun ekki beitt þeim með markvissum hætti. Dæmi hafa verið um brot gegn ákvæðum rekstrarleyfa um hámarkslífmassa og að starfsemi rekstraraðila hafi legið niðri lengur en í fimm ár án þess að stofnunin hafi hugað að niðurfellingu rekstrarleyfis, sbr. 15. gr. laga nr. 71/2008.

15


Mótvægisáðgerðir og vöktun vegna stroks

Að mati Ríkisendurskoðunar þarf matvælaráðuneyti að endurskoða ákvæði laga og reglna um fiskeldi hvað snýr að stroki, m.a. hvað varðar skyldur rekstrarleyfishafa til vöktunar í nærliggjandi ám. Með aukinni upplýsingaskyldu sjókvældisfyrirtækja hefur skapast grundvöllur fyrir markvissara eftirlit með stroki úr kvíum sem verður að nýta. Matvælaráðuneyti þarf í samvinnu við Matvælastofnun og Hafrannsóknastofnun að meta hvort og að hvaða leyti efla megi vöktun og mótvægisáðgerðir vegna hættu á erfða-blöndun.

13

Skýra þarf stöðu og hlutverk fisksjúkdómanefndar


Ríkisendurskoðun telur að matvælaráðuneyti þurfi að skýra betur hlutverk og stöðu fisksjúkdómanefndar gagnvart Matvælastofnun svo hún megi sem best þjóna tilgangi sínum og halda sjálfstæði sínu gagnvart stofnuninni.



Starfshópur smitv.
(jan. 2023)



BCG
(feb. 2023)



Starfshópur strok
(maí 2023)



Stefna til 2040
(okt. 2023)



Drög að frumvarpi
(des. 2023)

Samráð
(des 23- feb 23)

Drög að
stefnumótun
(júní 2023)

Opið samráð,
samráðsgátt.

Rekstraraðilar og
veiðiréttarhafar fengu
tækifæri að koma með
athugasemdir í ferlinu.

Opið samráð.

Opið samráð,
samráðsgátt.

Opið samráð,
samráðsgátt.



Samráð við
veiðiréttarhafa
og rekstraraðila.

Sex kynningarfundir með
rekstraraðilum,
veiðiréttahöfum,
ríkisstofnun, sveitarfélögum
og
umhverfisverndarsamtökum


Rekstraraðilar voru
með einn fulltrúa í
starfshópnum ásamt
ríkisstofnunum.



Mögulegar framtíðarsviðsmyndir



Skilvirkni regluverks





Útvíkkað markmið og gildissvið

1. ÞÁTTUR

Gildissvið, stjórnusýsla o.fl.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og orðskýringar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að skapa skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis og efla þannig verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu lagareldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal leitast við að tryggja vernd vistkerfa, sjávarbotns og vatnshlota sem og líffræðilega fjölbreytni, velferð eldisfiska og gæði framleiðslu. Við framkvæmd laganna skal byggt á vistkerfisnálgun og varúðarnálgun.

Leitast skal við að fyrirbyggja hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og vistkerfi þeirra ásamt því að tryggja hagsmuni þeirra sem nýta villta nytjastofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í lagareldi standist ströngustu staðla og kröfur sem gerðir eru til lagareldis. Skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra nytjastofna og annarra villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

2. gr.

Gildissvið og lagaskil.

Lög þessi gilda um sjókvíaelði, landeldi og hafeldi. Lögin gilda ekki um ræktun og nýtingu sjávargróðurs, skelfiskrækt eða fiskrækt í ferskvatni samkvæmt lögum um fiskrækt.

Markmið:

- Sjálfbær uppbygging, verðmætasköpun, byggð í landinu, og verndun villta laxastofnsins.

Viðbót:

- Vistkerfisnálgun (villtir laxafiskastofnar, vernd vistkerfa) og dýravelferð. Samhangandi þættir.
- Landeldi og hafeldi



Áhættustýrt skipulag með innleiðingu smitvarnasvæða

Breyting

- Áhættustýrt skipulag (smitvarnasvæði).
- Ráðherra ákveður með reglugerð í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og Matvælastofnunar.
- Einn rekstraraðili á hverju smitvarnasvæði
- Árið 2028 munu rekstraraðilar missa leyfi ef það eru fleiri en einn rekstraraðili á sama smitvarnasvæði.

Markmið

Draga úr áhættu á útbreiðslu smitsjúkdóma og sníkjudýra þar með draga úr afföllum og auka dýrvelferð. Með því fæst meiri verðmætasköpun.

Auka ábyrgð rekstraraðila fyrir hverju svæði.

Frávik eins rekstraraðila hafi minni áhrif á aðra rekstraraðila.

Auðveldara að ná utan um frávik í starfsemi sjókvíaeldis.

Álitamál

Almenn samstaða um skynsemi á bak við smitvarnasvæði en rekstraraðilar hafa gagnrýnt afturköllun leyfa árið 2028.

Að rekstrarleyfi séu ótímabundin

IV. KAFLI Smitvarnasvæði og dýraheilbrigði
V. KAFLI Úthlutun smitvarnasvæða og rekstrarleyfi

Áhættustýrt skipulag með innleiðingu smitvarnasvæða frh.

Af hverju að innleiða smitvarnasvæði?

Í Noregi er að finna svæði þar sem þéttleiki er mikill og stutt á milli rekstraraðila. Þetta eru þau svæði sem hafa verið lengst í rekstri.

Slík svæði glíma við:


- Hærri afföll;
- Minni gæði;
- Meiri útbreiðslu sjúkdóma;
- Lakari dýravelferð;
- Meiri fjölda lúsa o.s.frv.

Harmleikur Almenninganna. Margir aðilar innan sama svæðis.


Góð frammistaða eins aðila skiptir þá ekki máli þar sem nágrenninn getur haft neikvæð áhrif á báða aðila.



Figure 4. The current Faroe Islands three companies' fish-farmed designated areas (one company per farming site), by end of 2020.



Figur 22 Lokalitetskapasitet i 2023 og gjennomsnittlig mándelig biomasse i produksjonsomráðene per kvadratkilometer i perioden 2021–2022



Kilde: Akvakulturregisteret og biomassestatistikken. Arealet i hvert produksjonsområde er satt til sjøareal innanfor grunnlinjen. Biomassen i et produksjonsområde omfattar kun biomasse holdt i sjóanlegg.

IV. KAFLI Smitvarnasvæði og dýraheilbrigði
 V. KAFLI Úthlutun smitvarnasvæða og rekstrarleyfi



Fyrirkomulag burðarþolsmats

Breyting

- Lögð er til breyting á skilgreiningu burðarþols svo það taki til almenns álags vegna starfsemi sjókvíaeldis en að auki álags vegna ólíífræns álags s.s. áhrifa lyfja á vistkerfi, notkun kopars sem og ásætuvarnir og plastúrgangur.
- Niðurstöður vöktunar verða birtar árlega og burðarþol endurmetið á sex ára fresti nema niðurstöður vöktunar gefa annað til kynna. Slíkt er í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála
- Hafrannsóknastofnun skal árlega birta niðurstöður vöktunar.

Markmið

Ná inn fleiri mögulegum umhverfisáhrifum af starfsemi sjókvíeldis.

Setja skýrari ramma um endurskoðun á burðarþoli sem og að auka vöktun.

Álitamál

Áhyggjur rekstraraðila beinast að því að verið sé að fjölga mælistikum burðarþolsmats að óþörfu, þ.e. ekki til að ná markmiðum vistkerfisnálgunar.

I. KAFLI Markmið, gildissvið og orðskýringar
III. KAFLI Umhverfisvernd og rannsóknir



Áhættumat erfðablöndunar

Breyting

- Breyting á orðskýringum þannig villtir nytjastofnar laxfiska teljast nú einnig laxastofnar í veiðiám sem hjálpað er á grunni samþykktrar fiskræktaráætlunar.
- Ráðherra ákveði með reglugerð hvaða laxastofnar teljast til villtra nytjastofna.
- Áhættumat erfðablöndunar verður áfram gefið út í lífmassa

Markmið

Að skýrt verði hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi svo ár séu teknar með inn í áhættumat erfðablöndunar

Álitamál

Að verið sé að útvíkka skilgreiningu á villtum nytjastofni um of.

I. KAFLI Markmið, gildissvið og orðskýringar
III. KAFLI Umhverfisvernd og rannsóknir

Friðunarsvæði

Breyting

Markmið

Álitamál



Lögfesting friðunarsvæða og útvíkkun svæðanna (Eyjafjörður og Öxarfjörður)



1. Áhættan af erfðablöndun minnkar:

- Strokulaxar leita oftast í næstu ár, þ.e. utan friðunarsvæðis.

2. Verndun gönguseiða vegna sníkjudýra.

- Að gönguseiði verði ekki útsett fyrir lús og sníkjudýrum. Þetta er ein af ástæðum sem er talin er stuðla að bágrri stöðu villtra laxastofna í Noregi.

Dregur úr möguleikum vaxtar í íslensku fiskeldi

Sveitarfélög á svæðunum við Eyjafjörð og Öxarfjörð voru tvístígandi.

III. KAFLI Umhverfisvernd og rannsóknir



Auknar eftirlitsheimildir

Breyting

- Brugðist er við ábendingu Ríkisendurskoðunar um að auka þurfi eftirlitsheimildir.
- Innleidd eru fjölmörg ný eftirlitsákvæði, s.s. er varða smitvarnir, strok, kynþroska, lús o.fl.
- Aukið og skilvirkt eftirlit hefur þegar verið fjármagnað í Fjármálaáætlun

Markmið

Tryggja skilvirkt eftirlit Matvælastofnunar

Tryggja betri samhæfingu í eftirlit Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar

Álitamál

Að treyst sé um of á innra eftirlit rekstrarleyfishafa.



Laxahlutur – Sveigjanleiki á nýtingu leyfa

Breyting

→ Í stað þess að eldisheimildir séu bundnar við tiltekið leyfi, þá öðlast rekstraraðili hlutfallslegan rétt til hlutar í heildarlaxamagni, þ.e. svokallaðan „laxahlut“. Þetta á við um eldi á frjóum laxi.

Markmið

Aukin skilvirkni við nýtingu framleiðsluheimilda.

Bæta dýravelferð og umgengni vistkerfis, s.s. hvíld eldissvæða í lengri tíma.

Aukin skilvirkni fæst með tilfærslu laxahlutar milli smitvarnarsvæða með því að færa eldi inn á svæði sem kunna að standa auð af ýmsum ástæðum.

Álitamál

Að verið sé að setja upp kerfi sem er sambærilegt og fiskveiðistjórnunarkerfinu.

VII. KAFLI Laxahlutur



Strokákvæði – Bann við stroki

Breyting

→ Sektarfjárhæð á hvern fisk en um mismunandi fjárhæðir er að ræða sem fer eftir lífsskeiði og hvar eldislax kemur fram, þ.e. í ám sem tilheyra áhættumati erfðablöndunar eða ekki.

→ Sektir allt 5 milljónir á hvern fisk en að hámarki 750 milljónir.

→ Stjórn fyrstu aðgerða vegna stroks færast frá Fiskistofu til Matvælastofnunar.

Allt að 5.000.000 kr. per fisk.

Markmið

Fælingamáttur sekta.

Hvati til að bæta innra eftirlit og frammistöðu rekstraraðila.

Engin frávik án afleiðinga.

Álitamál

Tvíþætt:

1. Of væg viðurlög við strokatburðum.
2. Sektarfjárhæðir fram úr hófi.

VIII. KAFLI Strok



Fisksjúkdómanefnd

Breyting

- Einfalda málsmeðferðir í tengslum við afgreiðslu fisksjúkdómanefndar.
- Gera Fisksjúkdómanefnd óháða Matvælastofnun.

Markmið

Auka dýravælfæri með því að tryggja skilvirka afgreiðslu ef upp koma frávik í rekstri sjókvíaeldis.

Rekstraraðilar bera ábyrgð á dýravælfæri.

Álitamál

Almennt hafa viðbrögð verið jákvæð.

IV. KAFLI Smitvarnasvæði og dýraheilbrigði
V. KAFLI Úthlutun smitvarnasvæða og rekstrarleyfi



Framleiðslustýring vegna affalla og lúsa

Breyting

- Efri mörk vegna affalla og lúsa.
- Afföll mega ekki vera meiri en 20% á hverja kynslóð þá dregst leyfilegur lífmassi saman um 3%. Ef afföll eru minni en 10% þá fá rekstraraðilar aukningu um 3%.
- Viðmið vegna hámarksfjölda kynþroska kvenkyns lúsa og fjölda lyfjameðhöndlunar verða skilgreind. Leyfilegur lífmassi rekstraraðila getur aukist um 5%, lækkað um 5% eða staðið í stað eftir frammistöðu.

Markmið

Mikilvægt er að bregðast við miklum afföllum í sjókvíaeldi. Afföll hafa verið á bilinu 20-80% á hverja kynslóð.

Hvatakerfi er ætlað að leiða til bættrar frammistöðu og aukinnar framþróunar greinarinnar með nýsköpun.

Álitamál

Gagnrýni hefur komið fram um að 20% afföll séu ýmist of lág eða of há.

Lúsakerfi talið óskýrt þar sem endanleg útfærsla liggur ekki fyrir.

IX. KAFLI Afföll og X. KAFLI Lús



Ákvæði um kynþroska eldislaxa

Breyting

- Eftirlitsheimildir MAST styrktar til að fylgjast með kynþroska bæði lifandi eldislaxa og við slátrun.
- Óheimilt verður að ala eldislax í sjókvíum ef ástæða er til að ætla að kynþroskahlutfall fari yfir 1%.
- Fari þetta hlutfall yfir 3% eða 5%, eftir árstímum, skal fjarlægja kynþroska eldislax úr sjókvíum.
- Rekstraraðili greiðir 50 kr. á hvern kynþroska eldislax sem finnst við slátrun.

Markmið

Fælingarmáttur sekta.

Hvati til að koma í veg fyrir kynþroska.

Verði strokatburður, þá er kynþroska eldislax mun líklegri til að valda varanlegum skaða með erfðablöndun. Sýnt hefur verið fram á að kynþroska lax leitar lengra og þá út fyrir eldisvæði

Álitamál

Erfitt að fjarlægja kynþroska eldislaxa úr kvíum.

XI. KAFLI Kynþroski



Umhverfis – og menntasjóður sjókvíaeldis

Breyting

- Að hlutfall Hafrannsóknastofnunar í úthlutunarfé hverju sinni verði 80% en 20% úthlutunarfjár til annara aðila.
- Markmið sjóðsins verður ekki einungis að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis heldur einnig efla menntun á sviði sjókvíaeldis.

Markmið

Auka skýrleika um meðferð úthlutunarfjár svo umsækjendur viti í reynd hvaða fjárhæð stendur til boða.

Efla menntun á sviði sjókvíaeldis.

Álitamál

Að lögbundinn verkefni Hafrannsóknastofnunar séu fjármögnuð úr sjóðnum.

XIII. KAFLI Umhverfissjóður og menntasjóður sjókvíaeldis



Framleiðslugjald

Breyting

- Gjaldtaka verður í lágmarki ef framleiðslukostnaður og heimsmarkaðsverð eru sambærileg.
- Stigvaxandi hækkun á gjaldinu eftir því sem að meiri munur er á milli framleiðslukostnaðar og heimsmarkaðsverðs. Gjald reiknað mánaðarlega.
- Framleiðslukostnaður tekur árlegum breytingum mv. helstu kostnaðarliði.
- Ríkari umhverfishvatar.
- Sólarlagsákvæði gjaldsins framlengt til ársins 2028.

Markmið

- Gjaldtakan nái betur að endurspegla afkomu sjókvíaeldis.
- Fjárhagslegur hvati til að fara í búnað eða aðferðir sem lágmarkar umhverfisáhrif.
- Auka svigrúm til frekari fjárfestingar (lenging á sólarlagsákvæði).


Álitamál

- Viðbrögð verið jákvæð og fyrirkomulagið talið skynsamlegra en núverandi fyrirkomulag.
- Hins vegar hefur verið bent á gjaldtakan sé of há þegar afkoma er lág og byggist á meðaltali.

XIV. KAFLI Framleiðslugjald og samfélagssjóður.



Framleiðslugjald – Kostnaðartenging



Gjaldhlutfall

Gjald per kg. mánaðarlega.

Sjö þrep

1. 1%
2. 2%
3. 4%
4. 6,5%
5. 8%
6. 10%
7. 11%

XIV. KAFLI Framleiðslugjald og samfélagssjóður.



Framleiðslugjald

Dæmi 1

12 mánaða hækkun heimsmarkaðsverðs 3% og árleg hækkun framleiðslukostnaðar 3%

	2024	2025	2026	2027	2028
Framleiðsla	40.100.000	42.825.974	47.825.974	57.825.974	67.825.974
Frumvarp	2.509.426.141	2.760.415.874	3.175.179.746	4.185.365.576	5.056.426.578
Núverandi	2.137.235.588	2.282.523.571	2.679.179.641	3.308.022.328	3.996.490.084
Breyting	372.190.552	477.892.303	496.000.105	877.343.248	1.059.936.494

Dæmi 2

12 mánaða hækkun heimsmarkaðsverðs 3% og framleiðslukostnaður 6%

Frumvarp	2.509.426.141	2.721.228.896	3.033.597.252	3.173.593.778	3.761.292.676
Núverandi	2.137.235.588	2.282.523.571	2.679.179.641	3.308.022.328	3.996.490.084
Breyting	372.190.552	438.705.325	354.417.611	134.428.551	235.197.407

Áhrif sólarlagsákvæðis

Frumvarp		4/7	5/7	6/7	7/7
Núverandi	5/7	6/7	7/7	1	1

Dæmi 1

Frumvarp		1.577.380.500	2.267.985.533	3.587.456.208	5.056.426.578
Núverandi	1.526.596.849	1.956.448.775	2.679.179.641	3.308.022.328	3.996.490.084
		- 379.068.275	- 411.194.108	279.433.880	1.059.936.494

Dæmi 2

Frumvarp		1.554.987.941	2.166.855.180	2.720.223.238	3.761.292.676
Núverandi		1.956.448.775	2.679.179.641	3.308.022.328	3.996.490.084
		- 401.460.835	- 512.324.461	- 587.799.090	- 235.197.407

Tekjuáhrif ríkissjóðs

Dæmi 1		-379.068.275	-411.194.108	279.433.880	1.059.936.494
Dæmi 2		-401.460.835	-512.324.461	-587.799.090	-235.197.407


Samfélagssjóður (tekjuáhrif)

	2025	2026	2027	2028
Frumvarp (sviðsmynd 1)	508.865.616	525.793.500	755.995.178	1.195.818.736
Núverandi (Fiskeldissjóður)	508.865.616	652.149.592	893.059.880	1.102.674.109
	- -	126.356.092	137.064.703	93.144.627

Dæmi 1: Verð og kostnaður haldast í hendur.

Dæmi 2: Kostnaður hækkar umfram verð.

Áætlað framleiðslugjald



Heimild: Greinargerð frumvarps

XIV. KAFLI Framleiðslugjald og samfélagssjóður.



Framleiðslugjald

Núverandi:

- Sólarlagsákvæði búið 2026.
- Gjald per kg. verður ca. 55-60 kr. per kg.

Dæmi 2:

- Meðaltal c.a. 75 kr.
- Dreifing gjalds á bilinu 11-130 kr. per. kg.

Gjald per kg. lax

	Núverandi	Dæmi 1	Dæmi 2	Veiðigjald þorskur		
2020	1,9			8,9		
2021	4,0			14,0		
2022	11,9			14,9		
2023	18,3			16,1		
2024	37,8	Meðaltal	Gjald bil	Meðaltal	Gjald bil	22,4
2025	45,7	64	(22 - 126)	64	(11 - 126)	
2026	56,0	66	(23 - 130)	63	(11 - 130)	
2027	57,2	72	(23 - 134)	55	(12 - 109)	
2028	58,9	75	(24 - 138)	55	(12 - 112)	

Dæmi 1:

- Sólarlagsákvæði búið 2028
- Meðaltal c.a. 75 kr.
- Dreifni á bilinu 22-138 kr. per. kg.

Veiðigjald á þorski 2024 er 22,4 kr. kg (slægt)

Heimild: Greinargerð frumvarps og Stjórnartíðindi

XIV. KAFLI Framleiðslugjald og samfélagssjóður.



Samfélagssjóður sjókvíaeldis

Breyting

- Fjármunum verði úthlutað árlega til sveitarfélaga sem uppfylla almenn skilyrði til úthlutunar úr sjóðnum, þ.e. án umsóknar og án þess að tiltekin innviðaupbygging liggi fyrir.
- Fyrst skal reiknað hvernig skiptingin er milli landshluta og síðan skiptingu úthlutunarfjár milli sjókvíaeldisbyggða í viðkomandi landshluta skv. reglugerð.
- Gengið verður út frá því við setningu fyrstu reglugerðar að skiptingin milli sjókvíaeldisbyggða muni grundvallast á fjölda starfsmanna sem vinna með beinum hætti við sjókvíaeldi í hverri sjókvíaeldisbyggð.

Markmið












































- Að einfalda umsóknar- og úthlutunarferli þar með auka skilvirkni stjórnsýslunnar.
- Sveitarfélögum í sjálfsvald sett hvernig fjármunum er varið.
- Að fjármunir renni til sveitarfélaga í samræmi við umfang sjókvíaeldis á hverjum stað


Gagnrýni


- Almenn samstaða um breytingar.
- Óskýrt hvernig úthlutun mun skiptast milli sveitarfélaga þar sem óljóst er hvaða störf tengist sjókvíaeldi með beinum hætti.

XIV. KAFLI Framleiðslugjald og samfélagssjóður.



	Markmið	Núverandi 	Frumvarp		
Friðunarsvæði	<i>Villtir laxfiskastofnar</i>				
Burðarþols mat fjarða	<i>Lífrænt álag og ólífrænt álag</i>				
Burðarþols mat sjókvíaeldissvæða	<i>Lífrænt álag</i>				
Almennar umhverfisvaktanir	<i>Lífrænt álag og náttúruvernd</i>				
Áhættumat erfðablöndunar	<i>Villtir laxastofnar</i>				
Smitvarnasvæði	<i>Dýravelferð</i>				
Hlutlægir sektir v. stroks - „Engin frávik án afleiðinga“	<i>Villtir laxastofnar</i>				
Lús	<i>Dýravelferð og villtir laxfiskastofnar</i>				
Afföll	<i>Dýravelferð</i>				
Kynþroski	<i>Villtir laxastofnar</i>				

 Aðgerð til staðar

 Aðgerð ekki til staðar eða að litlu leiti.



Landeldi

Meginefni frumvarps

- Ferli leyfisveitinga
- Eftirlit sniðið að kröfum landeldis
- Smitvarnir og dýraheilbrigði í forgrunni





Hafeldi

Meginefni frumvarps

- Grunnrannsóknir og kostnaður við þær
- Tilraunaleyfi og úthlutun smitvarnasvæða
- Rammi um gjaldtöku

XIX. – XX. KAFLI Hafeldi

